

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 17. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um Efnahagsstofnun (4. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér stofnun Efnahagsstofnunar.

Í grunninn er Viðskiptaráð sammála því að heildstæð og aðgengileg upplýsingagjöf um efnahagsmál stuðli að markvissri og skilvirkri hagstjórn. Þrátt fyrir það verður að líta til þess að ekki eru allir á eitt sammála um hvert skuli stefna í efnahagsmálum, hvort sem um er að ræða sérfræðinga á því sviði eða ekki. Ef verkefni Efnahagsstofnunar eru skoðuð í frumvarpinu er ljóst að þau spanna nær alla þætti efnahagsmála, bæði þá er varða frumvinnslu gagna og þá sem snúa að því að miðlun þeirra. Af frumvarpinu er jafnframt ljóst að taka á forræði annarra opinberra stofnanna á sambærilegum verkefnum til endurskoðunar.

Viðskiptaráð telur „einokun“ af þessu tagi á upplýsinga- og ráðgjafamarkaði um efnahagsmál afar varasama. Það sem skiptir markvissa og skilvirka hagstjórn mestu eru upplýsingar úr ýmsum áttum sem útbúnar eru af trúverðugum sérfræðingum á sviði efnahagsmála sem eru algerlega óháðir pólitískum hagsmunum. Aðeins með því að vega og meta álit nokkurra sérfræðinga á sviði efnahagsmála er unnt að taka upplýstar og vonandi áhrifaríkar ákvarðanir á sviði hagstjórnar. Hvað það varðar er mun skynsamlegra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði (sjá 5. þingmál) alfarið skipað óháðum sérfræðingum á sviði efnahagsmála, innlendra jafnt sem erlendra, sem nýtur fulltingis Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins, Hagstofnunar og ráðuneyta hvað varðar veitingu upplýsinga og almennrar aðstoðar. Því miður er fátt sem bendir til þess að Efnahagsstofnun sem heyrir undir Alþingi verði óháðari í störfum sínum en þær stofnanir sem nú sinna þessum verkefnum. Ráð af þessu tagi ætti því sjálft að skipta með sér verkefnum og skipa sér formann.

Að auki við framangreint er óforsvaranlegt að ætla að auka útgjöld hins opinbera með nýrri ríkisstofnun, sérstaklega á þeim tímum þar sem krepvir verulega að og verðbólga er í hæstu hæðum. Það á að vera höfuðmarkmið hins opinbera að draga úr verðbólgu eins hratt og unnt er. Niðurskurður opinberra útgjalda er skilvirkasta leiðin til þess. Í tillögunni felst ekki að draga eigi úr umsvifum annarra stofnanna á þessu sviði, þó vissulega sé lagt til að verkefni Hagstofnunar verði endurskoðuð. Eins og sagan sýnir, og tillagan fjallar um, þá dragast opinber útgjöld sjaldnast saman við niðurlagningu ríkisstofnanna. Sagan sýnir einnig að þau aukast nær alltaf við stofnun nýrra ríkisstofnana.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs